



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
b/t nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2022

### Efni: Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland (487. mál)

Viðskiptaráð hefur tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, nr. 26/145. Viðskiptaráð dregur mikilvægi þess að huga að ógnum við þjóðaröryggi ekki í efa. Ráðið telur þó rétt að koma áleiðis sjónarmiðum um hvernig umrædd stefna verður útfærð, því samfélag sem gengur of langt í að fórna frelsi til athafna fyrir öryggi uppsker á endanum hvorugt.

### Samantekt

- Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þjóðaröryggis og styður þær áherslur sem finna má í tillögunni.
- Vakinn er athygli á mikilvægi þess að gæta að útfærslu og eftirfylgni við tillöguna þannig að hún dragi ekki enn frekar úr áhuga og getu erlendra fjárfesta til þátttöku í íslensku efnahagslífi. Aukin áhættudreifing eykur við öryggi og stuðlar að markmiðum tillögunnar.
- Viðskiptaráð vonast til þess að aukin áhersla á fjarskiptaöryggi verði til þess að liðka fyrir umleitunum þeirra sem hafa getu og vilja til þess að fjölga sæstrengjum.
- **Viðskiptaráð mælist til þess að tekið verði tillit til fyrirliggjandi athugasemda við afgreiðslu tillögunnar og útfærslu hennar, verði hún samþykkt.**

### Erlend fjárfesting dregur úr áhættu

Í d-líð tillögunnar er fjallað um mikilvæga innviði. Í greinargerð er fjallað um nauðsyn þess að takmarka áhættu og auka áfallþol þeirra. Í því samhengi er rétt að vekja máls á stöðu erlendra fjárfestingar hér á landi og tengslum hennar við fyrirliggjandi tillögu.

Undanfarið hafa drög að frumvarpi til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu verið til skoðunar. Með umræddum drögum er áformað að setja enn frekari skilyrði við erlendum fjárfestingum í þágu þjóðaröryggis. Undir þeim formerkjum eru þó lagðar til verulegar takmarkanir á alla erlenda fjárfestingu í mörgum geirum atvinnulífsins. Gildir það meðal annars um fjárfestingar í mikilvægum innviðum. Viðskiptaráð geldur varhug við þessum áformum og ítrekar fram komin sjónarmið sín í tengslum við fyrirliggjandi tillögu.

Með beinni erlendri fjárfestingu má ná fram aukinni þjóðhagslegri áhættudreifingu þar sem erlendir fjárfestar taka á sig hluta af rekstraráhættu atvinnulífsins og eftir atvikum geira sem eru að mestu í

höndum hins opinbera. Aukin áhættudreifing sem fylgir erlendri fjárfestingu eykur þanþol hagkerfisins þegar illa árar. Erlend fjárfesting vinnur því að markmiðum fyrirliggjandi tillögu.

Tengsl beinnar erlendar fjárfestingar og hagvaxtar eru auk þess ótvíræð en fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að hún auki bæði framleiðni og hagvöxt. Fjárfestingunni fylgir alþjóðleg þekking og tækni, sem skilar sér í útbreiðslu nýjunga og nýrra framleiðsluhátta sem og aukinni framleiðni heima fyrir.

Þá er bein erlend fjárfesting talin leiða til aukinnar samkeppni sem eykur skilvirkni samfara betri nýtingu framleiðsluþátta. Aðkoma erlendra fjárfesta skapar almennt tækifæri til aukinnar innlendar fjárfestingar og uppbyggingar.

### **Ísland eftirbátur annarra þjóða hvað varðar erlenda fjárfestingu**

Umfang alþjóðlegra fjárfestinga er talsvert minna hér en meðal samanburðarþjóða, sér í lagi umfang beinnar erlendar fjárfestingar. Hlutfall beinnar erlendar fjárfestingar hér af vergri landsframleiðslu, sem var ríflega 30% í fyrra, mælist svo lágt að Ísland skipar þar 61. sæti af 63 ríkjum í úttekt IMD háskólans á samkeppnishæfni ríkja fyrir árið 2022. Til samanburðar var hlutfallið um 56% að meðaltali innan OECD og 48% í heiminum öllum.

Hlutirnir hafa jafnframt þróast til verri vegar undanfarin ár en bein erlend fjárfesting inn í landið sem hlutfall af landsframleiðslu hefur dregist saman á Íslandi. Fjárfestingin nam að meðaltali um 35% af vergri landsframleiðslu á árunum 2017-2021, samanborið við 62% árin 2010-2015.

Takmarkaða erlenda fjárfestingu má meðal annars rekja til smæðar hagkerfisins, fjarlægðar frá mörkuðum og fábreyttra útflutningsgreina. Ekki verður þó litið fram hjá þeirri staðreynd að bein erlend fjárfesting sætir hér víðtækari hindrunum en víðast hvar annars staðar en takmarkanir og séríslenskar reglur draga úr aðdráttarafli fyrir erlenda fjárfesta. Fyrirliggjandi tillögu þarf að skoða í þessu samhengi.

Erlend fjárfesting dreifir áhættu í efnahagslífinu og eykur þannig áfallapol þess. Viðskiptaráð mælist til þess að þessar staðreyndir verði teknar til greina þegar kemur að útfærslu tillögunnar, verði hún samþykkt.

### **Um áhættu tengda fjarskiptum**

Í greinargerð segir um g-lið:

*Nánast öll tal- og gagnafjarskipti við útlönd fara um ljósleiðara á landi og síðan um þrjú fjarskiptasæstrengi sem tengja Ísland við umheiminn, þar af um tvo til Evrópu. Nú er unnið að uppsetningu á nýjum fjarskiptasæstreng milli Íslands og Írlands. Ef sæstrengur rofnar eða virkni hans skerðist af öðrum sökum er fjarskiptum beint um hina sæstrengina og geta þeir þannig leyst hver annan af hólmi. Fjöldi sæstrengja hefur því bein áhrif á áfallapol fjarskipta við útlönd.*

Viðskiptaráð telur réttar ályktanir dregnar um mikilvægi sæstrengja við fjarskiptaöryggi. Ráðið telur rétt að vekja máls á því að aðeins einn rekstraraðili annast millilanda fjarskipti um sæstrengi, þ.e. Farice. Þetta fyrirkomulag eykur áhættu og dregur úr öryggi.

Frá árinu 2016 hefur Vodafone óskað eftir því að fá að leggja sæstreng og auka þannig við fjarskiptaöryggi þjóðarinnar. Þeim erindum hefur ekki verið sinnt. Viðskiptaráð vonast til þess að áhersla á fjarskiptaöryggi verði til þess að liðkað verði fyrir umleitunum þeirra sem hafa áhuga á að fjölga sæstrengjum og styrkja þannig þjóðaröryggi.

**Niðurstaða**

**Viðskiptaráð mælist til þess að tekið verði tillit til fyrirliggjandi athugasemda við afgreiðslu tillögunnar og útfærslu hennar, verði hún samþykkt.**

Virðingarfyllst

f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Jónas Jónsson". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke extending to the right.